

Styrkumsóknir til borgarráðs 2018

Tengiliður	Efni	Dags. bréfs	Sótt um kr.	Sótt um áður	Tillaga að styrk	Málsnúmer
1 Sigurðu Lárus Hall	Food and fun	ótdags.	2.000.000	Já	1.500.000	R18010106

Málsnr.: 218010106
Skjalasafn Ráðhúss
03. jan. 2018
Bréfalykill: 1252

Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhús.
B/t formanns, Björns Blöndal

Umsókn um styrk.

Main Course ehf. (kt.4701014-2520) sækir um styrk að fjárhæð kr. 2.000.000.- til borgarráðs til að kynna og halda matarhátíðina *Food and Fun* í Reykjavík í byrjun mars árið 2018. Hátíðin fékk um tíma styrk að upphæð kr. 3.000.000 en árið 2015 var hann skorinn niður um helming. Það er mat undirritaðs að 2.000.000 nægi til þess að halda og kynna hátíðina þetta árið.

Matarhátíðin *Food and Fun* verður haldin í 17. skiptið árið 2018. Hátíðin hefur ávallt verið haldin í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg enda hefur borgin alltaf haft aðkomu að hátíðinni.

Það er mat umsækjanda að *Food and Fun* matarhátíðin eigi þátt í þeirri ímynd sem Reykjavíkurborg á sem glæsileg matar- og veitingaborg – bæði á erlendum vettvangi og innlendum. Hróður íslenskrar matargerðar berst víða og nú þegar veitingastaður í borginni skartar Michelin stjörnu mun síst draga úr því. *Food and Fun* hátíðin hefur lagt sitt lóð á vogarskálarnar við þessa ímyndarsköpun en Reykjavíkurborg hefur þar einnig gegnt mikilvægu og framsýnu hlutverki, m.a. með metnaðarfullri ferðamálastefnu sinni frá 2011-2020 þar sem matur og matarmenning eru skilgreind sóknarfæri.

Food and Fun hátíðin er fyrst og fremst verkfæri til að kynna gæði íslenskra veitingahúsa, kunnáttu íslenskra matreiðslumanna og matvælaframleiðslu Íslands sem hefur þróast afar mikið á undanförunum árum. Hátíðin hefur jákvæð áhrif á að kynna Reykjavíkurborg sem áfangastað og matarborg á heimsmælikvarða. Kynningarmáttur *Food and Fun* er að stórum hluta í gegnum erlenda fjölmiðla og blaðamenn sem eru að koma til landsins allt árið m.a. vegna þess mikla tengslanets sem hátíðin hefur yfir að ráða.

Hátíðin er alls ekki eingöngu ætluð fyrir erlenda ferðamenn og í kynningarskyni fyrir borgina. Jafnframt nýtist hátíðin borgarþúum afar vel þar sem þeim gefst tækifæri til að borða á bestu veitingastöðunum í Reykjavík fyrir hóflegt verð þá daga sem hátíðin stendur yfir og kynnast straumum og stefnum í matargerð erlendis frá.

Hátíðin hefur verið styrkt af Menningar- og ferðamálasviði en á undanförunum árum hefur hún því miður ekki hlotið náð fyrir augum faghóps Bandalags íslenskra listamanna enda eiga matreiðslumenn- og konur hvorki aðild að bandalaginu né faghópnum. Það er mat undirritaðs að betur færi á því að matarhátíðin *Food and Fun* fengi fastan styrk á öðrum vettvangi. Skiljanlega getur það reynst faghópnum erfitt að hafna umsóknum þeirra sem aðild eiga að bandalaginu til þess að styrkja matarhátíð enda fellur hún ekki að öllu leyti að áherslum faghópsins.

Það þarf hugvit og reynslu til að halda hátíð eins og *Food and Fun*, en leitast er við að halda kostnaði í lágmarki. Viðburðarfyrirtækið Main Course ehf. var stofnað árið 2004 til að hafa umsjón með hátíðinni, en reksturinn hefur ætíð verið viðunandi. Hátíðin fer sífellt stækkandi en lokakeppnin fer fram í Hörpu þar sem fjölmargir viðburðir tengdir hátíðinni fara fram, þar á meðal matarmarkaður. Í ár verða gerðir heimildapættir fyrir sjónvarp um hátíðina til nota á erlendum vettvangi auk þess sem þeir verða sýndir í íslensku sjónvarpi.

Matarhátíðin *Food and Fun* er hugarfóstur undirritaðs og byggir á áratugalöngu tengslaneti sem umsækjandi hefur byggt upp. Hægt væri að veita öðrum keflið en án vafa væri niðurstaða þess, mun dýrari hátíð og ekki af eins miklum gæðum.

Food and Fun er ein af mörgum góðum borgarhátíðum sem haldnar eru í Reykjavík og hefur styrkst með ári hverju. Það er von okkar að stuðningur borgarinnar endurspegli áframhaldandi framsýni og metnað fyrir matarmenningu í Reykjavík.

Undirritaður vill þakka fyrir gott samstarf við höfuðborgina á liðnum árum og vonast eftir jákvæðum undirtektum og góðu samstarfi hér eftir sem hingað til.

Með vinsemd og virðingu

F.h. Main Course ehf.
Sigurður Lárus Hall, matreiðslumeistari.

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Umsækjandi: Main Course ehf., f.h Reykjavik Food & Fun 2018

Kennitala: 470104-2520

Heimilisfang: Garðhús 33

Netfang: siggihall@siggihall.is

Símanúmer:822 0220

Póstnúmer:112

Staður:Reykjavik

Nafn ábyrgðarmanns: Sigurður Lárus Hall

Kennitala ábyrgðarmanns: 0608523599

Heimilisfang ábyrgðaraðila:Garðhús 33

Póstnúmer ábyrgðaraðila:112

Netfang ábyrgðaraðila:siggihall@siggihall.is

Símanúmer ábyrgðaraðila:822 0220

Hlutverk ábyrgðaraðila:Framkvæmdarstjóri og Matreiðslumeistari

Upphæð sem sótt er um:2.000.000

Banki:0101

Höfuðbók:26

Reikningsnúmer:012520

Heiti verkefnis: Reykjavik Food & Fun matarhátíð

Lýsing á verkefni: Þetta verður í 17. skipti sem Food & Fun matarhátíðin er haldin. Þekktur viðburður sem dregur að sér fjölda alþjóðlegra matreiðslumeistara og ferðamanna.

Megintilgangur er að kynna Reykjavík og veitingastaði borgarinnar í fremstu röð, út í heimi sem þá bestu og að veitingakúltúr borgarinnar sé í raun aðdráttafl eitt og sér. Einnig að skapa líf og fjör um miðjan vetur og koma íslenskum matreiðslumönnum í alþjóðlegt samband. Tengslanetið er öflugt og hagfræðin mikil. Áætlað er að 12 – 15 þúsund manns heimsæki þátttökuveitingahúsin „fremstu veitingahús Reykjavíkur“ (Stutt lýsing).

Hverjir hafa helst hag af styrknum?

Styrkurinn mun nýtast til kynningarmála Food and Fun hátíðarinnar. Mun þessi styrkur vera eyrnamerkur þeim kostnaði, hver svo sem hann er. Kynningarmálin er einkar víðfem og verða gerð skil eins og hlutirnir gerast á samfélagsmiðlum. Þar er markvisst unnið öflugt. Einnig munu kynningar fara fram í hefðbundnum miðlum. Undirritaður er framkvæmdarstjóri Food & Fun. Mestöll hönnum á efni og útliti er stjórnað af kvenfólki. Hlutföllin í starfsemi Main Course ehf eru 3 konur og 2 karlar í dag. Hátíðin er sótt jafnt af konum sem körlum.

Hverjir munu vinna að verkefninu?

Undirritaður er framkvæmdarstjóri og mun vinna að heildarverkefninu. Konur stjórna á öðrum vettvangi viðburðarins og er kona með yfirumsjón á allri hönnum og útliti, sem er víðfemt og veigamikið verkefni í svona viðburði. Ennfremur stjórnar kona allri samfélagsmiðlastarfsemi, ljósmyndum og þannig efnistöfum. Karlmaður er hefur með alla upplýsinga- og samskiptavinnu að gera. Allt eru þetta áriðandi verk og þarfnast serhæfðar þekkingar (snilldar). Saman vinna þessi þrjú í teymi. Jafnframt er kona sem hefur með alla praktíska og beina umsjón með gestum og þann undirbúning og ferli sem tengist komu þeirra ásamt undirrituðum. Þegar kemur að sjálfum viðburðinum þá verður ráðið fólk í ýmissa starfa, eins og keyrslu og leiðsögn. Það verður alveg jafnt ráðið í það, en það er eftirsótt íhlaupavinna. Erlendu matreiðslumennirnir sem sækja Reykjavík heim eru í meirihluta karlar enn sem komið er, en það er unnið ákaft og markvisst við breyta því og fjölga konum eins og mögulegt er. Það er miður, að fleiri karlar en konur séu starfandi í faginu á þessum gæðastaðli gastrónómíunnar. Þetta er þó að breytast hratt til batnaðar og er það stefna Food & Fun að auka og jafna hlut kvenna verulega. Reykjavík Food & Fun Festíval vinnur nú náið í samstarfi með FOOD / Copenhagen Food & Cooking Festival, sem einnig er Norðurlandaráðsverkefni með samnorræna viðmiðum. Þar er lögð áhersla á sjálfbærni og auka hlut kvenna í hinum gastrónómíska heimi. Meðal annars mun FOOD senda norræna

kvenkokka á Food & Fun sem hluta af því verkefni. Einnig stóran blaðamannahóp frá öllum norðurlöndum sem mun fylgjast með Reykjavík Food & Fun 2018.

Við sem stöndum að Food & Fun erum afar stolt af þessu verkefni og samstarfi.

Það koma kvenkokkar frá Frakklandi, Ameríku, Spáni og Finnlandi að auki og taka þátt í Food & Fun.

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)

Main Course ehf er viðburðarfyrirtæki, stofnað í kringum Food & Fun matarhátíðina, bæði hér heima og erlendis. Fyrirtækið er ekki fjölmennt. Það er einungis mannað sérhæfðu verkefnistengdu starfsfólki í verktöku, sem koma beint að framkvæmd og starfsemi hátíðarinnar á tímabilinu á meðan undirbúningur og hátíðin sjálf fer fram. Það er af þeim ástæðum ekki í gangi stefnumótandi mannauðsstjórnun né virk jafnréttisstefna sem slík, en kynjahlutfall þeirra sem til starfa eru kölluð er mjög jafnt. Main Course ehf. er sérhæft fyrirtæki – leiðandi á sínu sviði. Öll hugsun er nútímaleg og í fullum takti við jafnréttisstefnu dagsins í dag og við styðjum og tökum heilshugar þátt í öllu jafnræði kynjanna. Undirritaður vill taka það fram að hann hefur verið í rekstri í rúm 40 ár og aldrei gert greinamun á hvort það er kvenmaður eða karlmaður sem koma til starfa, hvorki félagslega né launalega.

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

Samkvæmt vef borgarinnar þá er rauði þráðurinn í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar áherslan á jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Að teknu tilliti til þess að kynjahlutfall gesta hátíðarinnar eru jöfn og þeirri staðreynd að konur eru í meirihluta þeirra sem starfa að undirbúningi hátíðarinnar má segja að Food and Fun samræmist markmiðum mannréttindastefnunnar.

Þótt megingilgangur hátíðarinnar verði alltaf að fá hingað til lands konur og karla sem skara fram úr í matreiðslu á heimsvísu þá er ekki hægt að ganga að því sem vísu sökum þess að það yfirgnæfandi fleiri karlmenn en kvenmenn í þessu fagi. Það eru miklar breytingar á alþjóðavísu og mun hlutur kvenna aukast og jafnast á næstu tímum. Verkefnið er reynsluríkt og vinnur að því að fá til hátíðarinnar kvenkokka á öllum stigum og má segjast að mjög vel hafi tiltekist og jafnvel meira en við er að búast á alþjóðavísu. Við teljum okkur framarlega í að auka og vinna að því að jöfnuður ríki á milli kvenna og karla í heimi gastrónómíunnar.

Verkefnið fellur því vel að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Fjármögnun:

Verk- og tímaáætlun verkefnisins

Sjálf dagsetning Reykjavík Food & Fun hátíðarinnar er 28. feb - 4. mars n.k.

Verkefnið sem slíkt er í gangi allt árið en aðaltíminn er nóv, des, jan, feb og mars. Að auki er verið að vinna í Food & Fun allt árið og það gerist einnig mikið utan hinna hefðbundnu hátíðardaga. Mörgun fyrirspurnum svarað um gæði Íslands, veitingastaði Reykjavíkur og þ.h.. Tekið á móti blaðamönnum sem vilja gera landinu betri skil en að koma bara á sjálfa hátíðina. Hátíðin hefur verið haldin árlega síðan 2002.

Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 15 – 18 milljónum í tekjur.

Meirihluta tekna eru styrkir og samstarf.

Einnig aflar hátíðin sjálf tekna í formi samstarfs við bæði þáttökuveitingahús og stofnanir.

Ráðgert að að það allt gangi upp. Stærsti bakhjarl og stofnstyrktaraðili er Icelandair.

Aðrir sem að koma eru Íslandsstofa og Iceland Naturally þar í gegnum.

Reiknað er með Reykjavík sem áriðandi styrktaraðila.

Má gera ráð fyrir að þessar styrktarupphæðir séu samtals á bilinu 7 - 9 milljónir.

Aðrar tekjur eru ýmiskonar samstarf þar sem Main Course ehf og Food & Fun gera og selja ýmsa viðburði til stærri fyrirtækja og stofnana. Þetta er á bilinu 2.5 - 3 milljónir.

Samstarf veitingahúsa og Main Course er upb. 1 milljón. Annað er 2 - 4 milljónir.

Margt af þessu er ekki „komið í hús“ sem slíkt og upphæðir væntanlegar en ekki endanlegar þótt gert sé ráð fyrir að þetta gangi eftir. Allir þessir aðilar eru í samskiptum við Main Course ehf.

Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir

Það er ávallt lagt af stað með að áætlaðir tekjuliðir séu aldrei lægri en áætlaðir útgjaldaliðir.

Allir tekjufjármunir eru notaðir í útgjöld.

Stærstu útgjöldin eru farmiðakaup og kostnaður við það. 4 - 4,5 milljónir. Gisting og kostnaður við komu gesta 4 milljónir. Ferðir og akstur 1- 2 milljónir. Launakostnaður 4 - 5 milljónir.

Annað 2 milljónir. Ef að séð er fram á að tekjur séu lægri en útgjöld þá er strax dregið saman svo ekki verði tap. Hátíðin hefur undanfarin ár verið vel rekinn og allt er gert upp strax að lokinni hátíð með sóma. Það er kominn mikil þekking á að reka hátíðina.

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?

- Icelandair
- Íslandsstofa - Iceland Naturally
- Aðrir

Aðrar upplýsingar:

Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?

Reykjavíkurborg hefur ávallt stutt við og tekið þátt í Food & Fun frá upphafi 2002. Hátíðin heitir í raun „Reykjavik Food & Fun 2018“ .

Síðasta ár gerðist það þó að ekki var veittur styrkur úr menninga- og ferðamálassviði og kom það sér ekki vel vegna þess að ekki var hægt að sinna kynningarstarfi af eins miklum krafti og áður.

Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?

Borgarsjóður veitti styrk til hátíðarinnar árið 2016. Sú upphæð var 1,5 milljónir. Þátttaka Reykjavíkurborgar hefur verið frá 2002 og hafa styrkveitingar verið af ýmsum toga á bilinu 1,5 - 3 milljónir.

Annað sem umsækjandi vill taka fram

Main Course ehf. er einungis viðburðarfyrirtæki sem var stofnað í kringum Food & Fun hátíðina árið 2004. Hátíðin hefur verið haldin frá 2002. Main Course er einnig meðstofnandi og kemur að skipulagi á árlegri Food & Fun hátíð í Turku borg í Finnlandi síðan 2014. Einnig gert og haldið mismunandi mataruppákomur bæði í París, Spáni og í Bandaríkjunum.

Food & Fun hefur verið ágætlega rekið og staðið af sér ýmsa skrýtna tíma frá upphafi, einsog stórhruns almennt í ferðamennsku vegna hryðjuverkárása og stríðsástands, pólískt straumhvörf og krísur, eldgos, bankahrun og fyrirtækjahrun. Undirritaður hefur verið framkvæmdarstjóri frá upphafi og hefur einnig tekið þátt í ýmsum störfum í hinum margvíslega heimi matreiðslunnar og landkynningar.

Reykjavik Food & Fun er í raun fyrst og fremst kynningarverkefni á gæðum Íslands og Reykjavíkur sem fyrsta flokks gæðalands og borgar í heimi veitingamennsku, matreiðslu, matvælaframleiðslu og sem áhugaverðs áfangastaðar fyrir ferðamenn að heimsækja – sem vetraráfangastaðar. Við sem höfum verið aðstandendur Food & Fun í gegnum tíðina erum nokkuð vissir með okkar þátt í auknum ferðamannastraumi til landsins. Food & Fun er beint til erlendra aðila og er tungumál kynningarefnis hátíðarinn allt á ensku.

Reykjavik Food & Fun er öllum til sóma.

